

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kalka sorpeýðingastöð sf. Kalka, Berghólabraut, Helguvík



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	14.3.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Kalka sorpeýðingastöð sf.	Eftirlitsmaður	Margrét Bragadóttir
Heimili	Berghólabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5312780469	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Norðfjörð	ÍSAT nr.	38.21.0,38.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ingbór Karlsson	Staðsetning	325484,211 396471,342

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin ný frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust og engar nýjar ábendingar voru gerðar. Enn var þó bent á að bæta má niðurstöður skráninga í ársskýrslunni. Eins þarf að ljúka vinnu við vöktunaráætlunina. □

UMFANG EFTIRLITS

Á fundinn voru mættir Jón Norðfjörð og Ingbór Karlsson, fulltrúar rekstraraðila og Margrét Bragadóttir og Gottskálf Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Dagskrá:

- Stutt skoðunarferð um Kólku sorpeýðingastöð og aðstöðu á lóð
- Fundur
 - Rekstraraðili með stutta kynningu á starfsseminni fyrir starfsmenn UST.
 - Farið yfir útafstandandi frá eftirlitum ársins 2018
 - Farið yfir kröfur í starfsleyfi og stöðu rekstraraðila gagnvart þeim.

1. Skoðunarferð um fyrirtækið

Eftirlitið hófst á skoðunarferð um aðstöðuna á Berghólabraut 7 með Ingbóri Karlssyni. Skoðuð var aðstaða til móttöku og flokkunar úrgangs á gámvelli. Farið var um inniaðstöðu þar sem móttaka og hökkun á úrgangi var í gangi. Úrgangsgryfja var skoðuð en síðan farið um spilliefnageymslu og geymslu fyrir sóttmengaðan úrgang. Verktakar vinna nú að smíði spilliefnageymslu sem starfsleyfið gerir kröfu um. Framkvæmdir voru skoðaðar en búið er að steypa botnplötu undir geymsluna. Áætlað er að verklok verði um mánaðarmótin apríl/mái.

Skoðuð var úrgangstrekt og tjakkur til innmötunar á úrgangi inn í brennarann en síðan farið niður fyrir húsið og skoðuð aðstaða til aðskilnaðar á botnösku og málmum. Fyrirhugað er að byggja yfirbyggða geymslu fyrir botnösku strax og vinna við spilliefnageymsluna klárast. Næst var hreinsivirki í útblæstri skoðað og aðstaða til innmötunar á kalki. Eins var aðstaða við söfnun á flugösku skoðuð og uppsafnaðar birgðir á lóðinni. Hætt er við notkun kolefnis í kalkið eftir að byrjunarörðuleikar komu upp við notkun kolefnisins. Nú er leir blandað í kalkið og mun koma í ljós núna í næstu útblásturmælingu hvort leirblandað kalk nær að hreinsa reykinn niður fyrir losunarmörk í útblæstri.

Eftir skoðun var haldinn fundur en flugöskugeymsla í Njarðvík skoðuð að því loknu. Tæplega tveggja ára birgðir eru í geymslunni og áætlað er að næsti útflutningur á flugösku verði í vetur eða næsta vor. Allt leit ágætlega út.

2. Fundur

2a. Kynning rekstraraðila á starfseminni

Fyrst fór fulltrúi rekstraraðila yfir helstu þætti í rekstri fyrirtækisins. Rekstraraðili hefur lagt áherslu á aukna flokkun úrgangs og hafa grænar sorptunnur verið sendar á heimili á Suðurnesjum. Eins er verið að skoða það að koma fyrir grenndargámum í sveitarfélögunum fyrir glerkrukkur og önnur smærri glerlát.

Reksturinn hefur gengið vel og brennslan í gangi allt árið ef frá eru talin stutt viðgerðarstopp í apríl og október sl. Brennslan hefur því verið rekin með fullum afköstum og er hagnaður af rekstrinum.

2b. Útafstandandi frá fyrra eftirliti ársins

Nú voru teknar saman niðurstöður úr eftirlitum síðustu ára og eru engin opin frávik úr þeim eftirlitum.

Byggingafrankvæmdir á lóðinni hafa dregist nokkuð, en erfiðlega hefur gengið að fá smíði í framkvæmdir. HUG verktakar ehf. hófu byggingu á spilliefna- og botnöskugeymslum þann 11. febrúar sl. og standa framkvæmdir yfir eins og kom fram við skoðun á starfseminni.

Nýr rykmælir (Sickmælir) er kominn í notkun við símælingar í reykháfi. Skráningar benda til að rykmagn í útblæstri sé lágt, lægra en gamli rykmælirinn gaf til kynna en hann hafði ekki verið kvarðaður lengi og framleiðandinn hættur að þjónusta hann. Beðið er eftir rykmælingu Verkís ehf. en sýni vegna árlegrar mælingu voru tekið seint á síðasta ári og niðurstöður hafa enn ekki borist.

Eins er beðið eftir niðurstöðum árlegra mælinga á olíu/fitu í frárennsli frá olíuskilju en sýni var tekið í nóvember en Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem sér um greiningar á sýninu hefur enn ekki skilað niðurstöðum olíu/fitumælingar vegna veikinda starfsmanns. Þær eru þó væntanlegar.

Í ársskýrslu rekstraraðila sem skilað var síðastliðið vor, komu fram skráningar og niðurstöður mælinga fyrir árið á undan. Niðurstöður fyrir árið 2017 sýndu að efnamagn í útblæstri og fráveitu voru innan starfsleyfismarka. Skráningar voru góðar en eftirlitsaðili fer fram á að í niðurstöðum skráninga sbr. grein 5.6 í starfsleyfi sé getið um mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim. Upplýsingar um það að engin óhöpp hafi orðið eru líka mikilvægar. Heilbrigðisnefnd skal sent afrit af niðurstöðum skráninga.

Umhverfisstofnun hefur yfirfarið og samþykkt loftdreifilíkan fyrir skorsteininn í brennslunni. Útreikningar sýna að útblásturshraði brennslunnar eins og hann er að jafnaði (um 11,8 m/s) nægir til þess að styrkur mengunarefna á nærliggjandi lóðum helst undir reglugerðarviðmiðunum. Því var ákveðið að lágmarksmörk fyrir útblásturshraða skuli vera 11,8 m/s.

Rekstraraðili hefur lagt fram drög að vöktunaráætlun vegna starfseminnar. Umhverfisstofnun hefur fjallað um áætlunina og lagt til að bætt verði við kafla um vöktun þungmálma í gróðri. Stungið var upp á að rekstraraðili leitist eftir aðild að mosaverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ). Fulltrúar NÍ eru að skoða þann möguleika og næst mun líklega vera skoðað hvort mögulegir sýnatökustaðir á mosa séu í nágrenni sorpbrennslunnar.

2c. Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila fjórar skýrslur fyrir 1. maí nk. vegna 2018. Þetta eru skýrslur um grænt bókhald, útstreymisbókhald, um niðurstöður skráninga (má vera í ársskýrslu) og skýrsla um magn og gerð úrgangs.

Allar innsendar skýrslur vegna ársins 2017 sem kröfur eru um bærust fyrir 1. maí 2018.

Fram kom hjá rekstraraðila að samsetning úrgangsins getur haft nokkuð mikil áhrif á losun frá brennslunni. Toppar í NOx verða gjarnan þegar mikið af blautum úrgangi (s.s. sláturúrgangi) berst til brennslu. Hátt vökvainnihald og raki í ferlinu veldur kólnun í eftirbrennslu og toppum í NOx. Stækka þyrfti safngryfju framan við brennsluhólfið svo hægt væri að auka blöndun úrgangsins áður en hann er fluttur inn í brennsluhólfið og fá þannig jafnari brennslu. Eins hafa toppar í vetnisklóriði (HCl) verið tengdir brennslu á sjúkrahusúrgangi sem inniheldur klór.

Símælingar eru á ryki, kolmónoxíði, brennisteinsdíoxíði, vetnisklóriði og TOC (heildarmagni lífræns kolefnis) í útblæstri og eins skal mæla hitastig í brunahólfi og styrk súrefnis, þrýsting, hita og vatnsgufuinnihald í útblásturlofti. Mælingar hafa farið fram um árabíl og hefur verkfræðistofan EFLA séð um kvarðanir ásamt viðhaldi á mælunum.

Á ársyfirliti rekstraraðila yfir niðurstöður símælinga í útblæstri kemur fram að aukin þjálfun vélstjóra sem stýra innmötun úrgangs í brennsluhólfið er að skila sér í færri toppum í útblæstri þar sem farið er yfir losunarmörk. NOx toppar eru nánast horfnir á seinni hluta síðast árs. Hægja þarf á innmötun þegar úrgangur er blautur.

Á síðasta ári var gerð athugasemd við uppsöfnun úrgangs, aðallega fiskikerja og gluggaefnis úr plasti á lóð gömlu sorpbrennslunnar við Hafnarveg. Vegna athugasemda Umhverfisstofnunar sótti rekstraraðili um breytingu á starfsleyfi sínu svo þessi starfsemi gæti fallið undir starfssemi Kölkú sorpeyðingarstöðvar sf. Eftir fund með Umsagna- og starfsleyfisteymi varð það ofan á að fallið var frá breytingu á starfsleyfi en sótt yrði um leyfi til heilbrigðisnefndar Suðurnesjasvæðis fyrir starfsemi við Hafnarveg. Að sögn rekstraraðila er Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja að vinna leyfi fyrir starfsemi.


ÁBENDINGAR

Engar nýjar ábendingar voru gerðar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.03.2019



Gottskálk Friðgeirsson